



TRYGGINGASTOFNUN  
RÍKISINS

*Alþingi*

*Erindi nr. Þ 128/1504*

*komudagur 6. 3. 2003*

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. mars 2003

ÁPS/EA/KSG/016/03

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmd meðlagsgreiðslna umfram lögbundið lágmarksmeðlag og skattalega meðferð þeirra, 150. mál.**

Vísað er til beiðni efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 26. febrúar 2003, um að Tryggingastofnun ríkisins veiti umsögn um ofangreint lagafrumvarp. Í frumvarpinu er lagt til Tryggingastofnun ríkisins hafi milligöngu um greiðslu meðlags umfram lögbundið lágmarksmeðlag, að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert skylt að innheimta meðlag umfram lögbundið lágmark án kostnaðar fyrir meðlagsmóttakanda, og að skattlagning meðlagsgreiðslna verði afnumin.

Ekki er talin ástæða til að gera athugasemdir við að einstæðir foreldrar hafi aðgang að Tryggingastofnun um allar meðlagsgreiðslur sem úrskurðaðar eru eða samið er um, óháð fjárhæð, enda verði núgildandi lagaákvæði um endurgreiðslur Innheimtustofnunar sveitarfélaga óbreytt. Stofnunin tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í athugasemdum við frumvarpið og telur að það geti stuðlað að aukinni velferð barna einstæðra foreldra, nái það fram að ganga.


Rétt er þó að vekja athygli á því að í greinargerð með lagafrumvarpinu, bæði í almennum athugasemdum og í athugasemdum við 2. og 4. gr. er gert ráð fyrir að Tryggingastofnun ríkisins sé *heimilt* að greiða meðlag sem er umfram lágmarksmeðlag, en í núgildandi 1. mgr. 25. gr. barnalaga nr. 20/1992 er Tryggingastofnun gert *skylt* að greiða meðlag að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákvæðið er óbreytt að þessu leyti í frumvarpinu. Heppilegra kann að vera að gæta samræmis í orðavali milli greinargerðar og lagafrumvarps, þótt ákvæðið sjálft taki að sjálfsgöðu af öll tvímæli um skyldu stofnunarinnar.

Í 2. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir orðalagsbreytingu á 1. mgr. 59. gr. almannatryggingalaga. Er breytingin meðal annars á þann veg að foreldri sem fær úrskurð stjórnvalds um menntunarmeðlag skv. 13. gr. barnalaga skuli hafa aðgang að Tryggingastofnun ríkisins varðandi þær greiðslur. Af því tilefni er rétt að vekja athygli á því að það er ungmennið sjálft en ekki foreldri þess sem fær úrskurð um greiðslu menntunarfamlags og er rétthafi greiðslna, enda eru greiðslur þessar m.a. bundnar við að fjárræðisaldri sé náð. Tryggingastofnun hefur nú þegar milligöngu um greiðslu

framlags vegna menntunar og er það á grundvelli ákvæðis 2. ml. 2. mgr. 26. gr. barnalaga.

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki afstöðu til skattalegrar meðferðar meðlagsgreiðslna.

Virðingarfyllst,



Karl Steinar Guðnason  
forstjóri